

Stjórnarfundur Prentsöguseturs 08.04.2021

Fundarstaður: Prentsögusetur, Laugavegur 29, 101 Reykjavík, kl 11:00

Mætt: Haukur Már Haraldsson, Tryggvi Þór Agnarsson, Grímur Kolbeinsson.

Dagskrá fundar:

1. Fjármál.
2. Staðan í Skálholti.
3. Aðalfundur.
4. Önnur mál.

1. Fjármál:

Innheimta félagsgjalda gengur sæmilega. Í gangi eru einnig ýmsar aðgerðir í gangi til að afla fjár til undirbúnings sýningarinnar í Skálholti.

2. Staðan í Skálholti:

Framkvæmdir eru komnar á fullt við sýningarýmið á Skálholti og styttest í að vinna innan húss fari af stað. Ljóst er við þurfum að leggja okkur fram við að afla frekari fjárframlaga og sýna eins mikla ráðdeild og hægt er.

3. Aðalfundur:

Stefnt er að því að halda aðalfund 21. apríl kl 16:00 að Stórhöfða 37, að öllu óbreyttu, en allir eru meðvitaðir um að aðstæður geta breyst. Unnið er að því að fá nýja stjórnarmenn til starfa.

4. Önnur mál:

Lokið er frágangi á nýju fréttabréfi sem sent verður út á næstu dögum. Skráðir felagar eru nú 241 og markmið hefur verið sett á að fjölga um 100 félaga á þessu ári.

Fundi slitið 12:05.

Grímur Kolbeinsson, ritari